

Miðvikudaginn 21. janúar 1998.

Nr. 3/1998.

Dánarbú Karls Kristjáns Karlssonar

(Sigurbjörn Magnússon hrl.)

gegn

Karli K. Karlssyni ehf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. janúar 1998. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1997, þar sem viðurkennd var krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila, að fjárhæð 480.993 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 29. október 1996. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að framangreind krafa verði ekki viðurkennd, en til vara, að hún verði lækkuð og dráttarvextir fyrst dæmdir frá síðari tíma en kveðið var á um í úrskurði héraðsdóms. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili styður kröfu sína á hendur sóknaraðila við gögn úr bókhaldi sínu, þar á meðal lista yfir hreyfingar á viðskiptareikningum Karls Kristjáns Karlssonar nr. 230700 og 142200 hjá sér og fylgiskjöl fyrir greiðslum, sem voru skuldfærðar á reikningana og varnaraðili kveðst hafa innt af hendi í þágu Karls. Færslur á umræddum reikningum eru allt frá byrjun júlí 1993. Af þessum gögnum verður ráðið, að Karli voru færð mánaðarlaun og arðgreiðslur til eignar á viðskiptareikningi, en þegar á heildina er litið, hafi þessar eignfærslur ekki nægt fyrir útgjöldum og því myndast skuld, sem varnaraðili krefst nú að fá greidda.

Eins og getið er í úrskurði héraðsdómara, mun Karl Kristján Karlsson hafa stofnað árið 1946 einkafyrirtæki, sem hann kenndi við

sig sjálfan. Það fyrirtæki breyttist síðar að formi, þannig, að til varð varnaraðili, sem Karl var hluthafi í. Í málinu liggur ekkert fyrir um samninga á milli Karls og varnaraðila um tilkall hins fyrrnefnda til eftirlauna eða annarra greiðslna úr hendi hins síðarnefnda eða að öðru leyti um þá umsýslu, sem að framan er getið. Skortir meðal annars gögn um, hvort ætlast hafi verið til þess í lögskiptum Karls og varnaraðila, að hugsanleg skuld á viðskiptareikningum Karls yrði gjaldkræf úr hendi hans eða hvort hún yrði jöfnuð á einhvern annan hátt. Þegar gætt er að þessu og þeim tengslum, sem voru samkvæmt áðursögðu á milli Karls og varnaraðila, verður að fallast á það með sóknaraðila, að ósannað sé, að líta megi á inneign varnaraðila samkvæmt viðskiptareikningum Karls sem endurkræft lán. Verður krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila því ekki viðurkennd.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Karls K. Karlssonar ehf., við skipti á sóknaraðila, dánarbúi Karls Kristjáns Karlssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1997.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 19. nóvember sl. Upphaflega var kveðinn upp úrskurður í málinu 5. júní sl. Þann úrskurð ómerkti Hæstiréttur 2. september sl.

Sóknaraðili, Karl K. Karlsson ehf., kt. 601289-1489, Skúlatúni 4, Reykjavík, gerir þær dómkröfur, að viðurkennd verði með úrskurði krafa sín á hendur varnaraðila, að fjárhæð 480.993 kr., með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1996 til greiðsludags. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili, dánarbú Karls Kr. Karlssonar, kt. 070319-2769, krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað við skipti á dánarbúi varnaraðila. Þá krefst hann málskostnaðar.

II.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 28. febrúar 1996, var dánarbú Karls Kr. Karlssonar tekið til opinberra skipta, en Karl andaðist 16. janúar 1996.

Var Steinunn Guðbjartsdóttir hdl. skipuð skiptastjóri búans. Hinn látni stofnaði einkafyrirtækið Karl K. Karlsson árið 1946. Árið 1985 stofnaði hann ásamt Ingvari, syni sínum, sameignarfyrirtækið Karl K. Karlsson sf., og átti Karl $\frac{1}{2}$ hluta og Ingvar $\frac{2}{3}$ hluta. Árið 1989 var félagsforminu breytt aftur og þá í hlutafélag. Var eignarhluti hins látna 15%.

Innköllum var gefin út, og lýsti sóknaraðili kröfu 22. maí 1996. Krafan var vegna greiðslna, sem hlutafélagið innti af hendi vegna hins látna. Var krafan leiðrétt, frá því að hún var fyrst sett fram hjá skiptastjóra, og er endanleg kröfufjárhæð að höfuðstól 480.993 kr.

Á skiptafundi 6. september 1996 var fjallað um kröfu sóknaraðila í búið. Fjalla átti um kröfuna á fundi, sem boðað var til 30. ágúst 1996, en vegna forfalla var fundinum frestað til 6. september. Var krafa sóknaraðila grundvölluð á hreyfingalista úr bókhaldi félagsins. Óskaði skiptastjóri eftir, að lögð yrðu fram tiltekin gögn til skýringar á kröfunni. Hefur skiptastjóri lýst yfir, að beiðni um framlagningu gagna hafi verið ítrekuð margsinnis, en án árangurs. Skiptafundur til að taka endanlega afstöðu til lýstra krafna var haldinn 29. október 1996. Á þeim fundi hafði lögmaður sóknaraðila boðað forföll, en ekki óskað eftir fresti til að leggja fram umbeðin gögn. Á þeim skiptafundi var kröfu sóknaraðila endanlega hafnað vegna vanreifunar og sú afstaða kynnt lögmanni sóknaraðila. Með bréfi 8. nóvember 1996 var framangreindri afstöðu skiptastjóra mótmælt, lögð fram fylgiskjöl úr bókhaldi og fjárhæð kröfunnar leiðrétt í 480.993 kr.

Skiptastjóri taldi, að þar sem hann hefði tekið endanlega afstöðu til kröfu sóknaraðila á fundi 29. október 1996, yrði að telja, að umbeðin gögn væru of seint fram komin, til að það gæti breytt afstöðu skiptastjóra. Sóknaraðili var ekki sáttur við afgreiðslu skiptastjóra og krafðist þess, að ágreiningsefninu yrði vísað til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur. Var svo gert með bréfi 19. nóvember 1996 og málið þingfest 11. desember 1996.

III.

Sóknaraðili kveður kröfu sína svo til komna, að hinn látni hafi verið í reikningi hjá sóknaraðila, sem hafi séð um ýmsar greiðslur fyrir hann. Endanleg skuld hins látna við sóknaraðila hafi verið 480.993 kr., og vísist um það til útskriftar úr viðskiptareikningi hins látna, sem skiptastjóra hafi verið send. Á skiptafundi 29. október 1996 hafi verið bókuð sú afstaða skiptastjóra að hafna kröfu sóknaraðila vegna vanreifunar. Muni afstaða skiptastjóra hafa ráðist af því, að sóknaraðili hafi ekki fyrir fundinn sent ljósrit fylgiskjala af viðskiptareikningi hins látna, sem skiptastjóri hafði sérstaklega óskað eftir. Hafi sóknaraðila ekki unnist tími til að ganga frá umbeðnum fylgiskjöllum til skiptastjóra fyrir umræddan skiptafund, enda hér um

töluverða vinnu að ræða, þar sem óskað hafi verið eftir fylgiskjöllum frá árinu 1993.

Skiptastjóra hafi verið send umbeðin fylgiskjöl með bréfi 8. nóvember 1996. Auk þess hafi kröfulýsing verið leiðrétt, þar sem komið hefði í ljós færsluskekkja. Sú vanreifun, sem skiptastjóri hafi talið vera á kröfugerð sóknaraðila, sé því leiðrétt. Krafa sóknaraðila sé nú í samræmi við viðskiptareikning hins látna hjá sóknaraðila, og með vísan til framanritaðs beri að taka kröfur sóknaraðila til greina.

IV.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að skiptastjóra hafi verið rétt að hafna kröfunni á skiptafundi 29. október 1996 og að þau gögn, sem sóknaraðili hafi sent skiptastjóra með bréfi 8. nóvember 1996, hafi verið of seint fram komin. Sökum þessa eigi sóknaraðili þann einan kost að höfða sérstakt mál á hendur varnaraðila til heimtu skuldarinnar. Þá kveðst varnaraðili miða kröfu sína við það, að vegna þess að fylgiskjöl með kröfunni hafi verið lögð fram of seint fyrir skiptastjóra, hafi hún ekki fengið efnisumfjöllun hjá honum. Þá sé krafan einnig studd því, að krafa sóknaraðila sé vanreifuð þrátt fyrir framlagningu fylgiskjala. Til að átta sig á skuldastöðu aðila þessa máls þurfi að fara miklu lengra aftur í tímann en til 1. júlí 1993. Kveður varnaraðili koma fram í bréfi Guðmundar Sveinssonar, löggilts endurskoðanda, að til þess að hægt sé að meta, hvort staða samkvæmt hreyfingalistum sé rétt, þurfi einnig að leggja fyrir, hvernig eða hvort sameignarfélagið hafi gengið inn í hlutafélagið og hvernig upphafsstaðan á hreyfingalistunum hafi verið fundin. Þá sé einnig bent á, að greiðslur sóknaraðila til hins látna, sem fram komi í gögnum málsins, hafi verið hluti af launakjörum hans sem eiganda og stofnanda fyrirtækisins.

V.

Svo sem að framan greinir, kveður sóknaraðili kröfu sína þannig til komna, að hinn látni hafi verið í reikningi hjá sér og sóknaraðili séð um ýmsar greiðslur fyrir hann. Endanleg skuld hins látna við sóknaraðila sé 480.993 kr., og hefur hann lagt fram fylgiskjöl og hreyfingalista úr bókhaldi sínu þessu til stuðnings.

Varnaraðili heldur því fram, að krafa sóknaraðila sé vanreifuð þrátt fyrir framlagningu fylgiskjalanna. Til að átta sig á viðskiptum aðila þurfi að fara mun lengra aftur í tímann.

Fylgiskjölín, sem sóknaraðili hefur lagt fram, bera það með sér að vera vegna margvíslegra persónulegra útgjalda hins látna, og er þeirri málsástæðu varnaraðila hafnað, að krafan sé vanreifuð, enda mótmælti hann því ekki í greinargerð sinni, að skjölín vörðuðu útgjöld vegna hins látna. Það

gerði hann ekki fyrr en í munnlegum málflutningi, og var því mótmælt af hálfu sóknaraðila. Þessi málsástæða er því of seint fram komin, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991, og verður ekki miðað við hana við úrlausn málsins.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir sóknaraðili hafa með framlagningu framangreindra fylgiskjala nægilega sýnt fram á, að krafa hans sé vegna útgjalda, er hann hafi greitt vegna hins látna. Það er því niðurstaða dómsins, að viðurkenna beri kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila með vöxtum eins og krafist er og úrskurða varnaraðila auk þess til að greiða sóknaraðila 80.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennd er krafa sóknaraðila, Karls K. Karlssonar ehf., á hendur varnaraðila, dánarbúi Karls Kr. Karlssonar, að fjárhæð 480.993 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1996 til greiðsludags.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 80.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.
